

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

26. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn að Þverá 30. apríl 2014 og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Egill Valberg Benediktsson, Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Þróstur Aðalbarnarson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Kristjáni Sigurvinssyni, Fáskrúðarbakka.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.
Samþykkt.
2. Erindi frá Kristni G. Kristinssyni kt. 101260-2679.
Sótt er um leyfi til að breyta sumarhúsi í Borgarlandi fastanr. 211-3137 í heilsárshús.
Samþykkt að óska eftir úttekt byggingarfulltrúa á húsinu og heimila breytinguna ef húsið stenst ákvæði byggingarreglugerðar sem heilsárshús.
3. Erindi frá Þóru V. Guðmundsdóttur.
Sótt er um leyfi til að breyta sumarhúsi að Stóra-Króki 9 í heilsárshús.
Samþykkt að óska eftir úttekt byggingarfulltrúa á húsinu og heimila breytinguna ef húsið stenst ákvæði byggingarreglugerðar sem heilsárshús.
4. Erindi frá Valgarð S. Halldórssyni, Gröf, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir gerð geymsluhúsnæðis um 12- 15 m².
Ekki er um að ræða leyfisskylda framkvæmd.
5. Erindi frá Valgarð S. Halldórssyni, Gröf, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir gerð bílgeymslu við hlið vélageymslu sem fyrir er á staðnum.
Stærð 5,4 x 8,4 m.
Samþykkt.
6. Deiliskipulag Múlavirkjunar sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 27.03.2014.
Samþykkt að leiðrétta tillöguna og auglýsa hana skv. skipulagslögum.
7. Erindi frá Agli Valberg Benediktssyni.
Sótt er um leyfi fyrir sólskála við íbúðarhúsið að Birkilundi 43 í Helgafellssveit.
Samþykkt.
8. Erindi frá Agli Valberg Benediktssyni.
Sótt er um leyfi fyrir færslu á áður samþykktum bílskúr við íbúðarhúsið að Birkilundi 43 í Helgafellssveit.
Samþykkt.
9. Önnur mál.
Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 22:32.